

Maður í Guðs hendi.



eftir Owen Jorgensen.

Birna Einarsdóttir þýddi.

Maður í Guðs hendi.

Inngangur

Biblían segir skýrt í Malakí 3:6 og Hebreabréfinu 13:8 að Guð sé hinn sami í gær og í dag og um aldir. Orð hans haggast heldur ekki. Biblían segir einnig, að ekki lifi maðurinn á brauði einu saman heldur hverju því orði sem fram gengur af Guðs munn, (Matt. 4:4.)

Þessi bæklingur fjallar um aðferðir Guðs til að opinbera orð sitt á hverjum tíma, en þó alveg sérstaklega nú í lok tímanna.

Biblían sýnir okkur að Guð notar spámennina til að opinbera orð sitt. Spámaður ber fram orð Guðs. Spámennirnir töluðu fyrir Guð. Mikilvægi þjónustu spámannanna var slíkt, að Biblían segir um það: “Treystið Drottni Guði yðar, þá munuð þér fá staðist, trúið spámönnum hans, þá munuð þér giftudrjúgir verða. (2. Kron. 20:20.) Amos 3:7 lýsir yfir: “Nei, Drottinn Guð gerir ekkert án þess að hann hafi opinberað þjónum sínum, spámönnunum, ráðsályktun sína.”

Fyrsti hluti þessa bæklinga mun kynna spádóm eftir spádóm, þar sem lofað er spámanni á síðustu tímum og annar hluti mun fjalla um uppfyllingu spádómanna í manni, sem Guð notaði til að opinbera orð sitt og til að undirbúa burthrifningu Brúðar Drottins Jesú Krists.

Megi Guð gefa þér opinberun um hvað hann er að gera núna á þínum dögum.

Biblíutrufélagið.

“Svo segir Drottinn Guð!
Og hvort sem þeir hlýða á það
eða gefa því engan gaum-
því að þeir eru þverúðug kynslóð-
þá skulu þeir vita að spámaður
er á meðal þeirra.

(Esek.2:4-5)

Sannur spámaður sendur til okkar kynslóðar?

Sérhver sannfærður kristinn maður veit að tímarnir eru mjög alvarlegir, að renna út. Brátt mun okkar elskaði Drottinn Jesús mæta brúði sinni í loftinu. (1.Þess. 4 16-17) Það sem flestir vita hins vegar ekki, er að eins og Jóhannes skírari var sendiboði fyrir fyrri komu Drottins, þá þarf að koma spámaður með anda og kraft Elía, til að boða seinni komu Krists. Auðvitað eru núna falsspámenn í heiminum, sem leiða munu marga í villu. (Matt. 24 11-24). En sá sami Guð, sem sagði að koma myndu falsspámenn, sagði líka að koma myndi SANNUR spámaður.

Í Malakí 4 kafla, þar sem talað er um endi heimsins, segir Guð: “Sjá, ég sendi yður Elía spámann, áður en hinn mikli og ógurlegi dagur Drottins kemur. Hann mun sætta feður við sonu og sonu við feður, til þess að ég komi ekki og ljósti landið banni.”(Mal. 4 5-6). Þetta vers, sem hefur samsetta merkingu, talar um tvær komur Elía. Engill sagði um Jóhannes skírara, (Lúk. 1:17): “Og hann mun ganga fyrir honum í anda og krafti Elía, (takið eftir að Elias er gríska orðið fyrir Elijah) til að snúa hjörtum feðra til barna, (Jóhannes átti að uppfylla þennan hluta af Malakí 4:5 en það var allt of sumt, því engillinn heldur áfram), og óhlýðnum til hugarfars réttlátra og búa Drottni altygjaðan lýð.” Engillinn sagði ekkert um að Jóhannes ætti að “sætta sonu við feður”, vegna þess að sá hluti Malakí 4:5 átti ekki við hann.

Nú, Jesús sagði að Jóhannes skírari væri Elía, það er satt (Matt. 11 7-14). “Og ef þér viljið við því taka, þá er hann Elía sá, sem koma skyldi.” En snúum okkur nú að Jóhannesi 1. kafla, 19-21: “Þessi er vitnisburður Jóhannesar, þegar gyðingar sendu til hans presta og levíta frá Jerúsalem að spyrja hann: “Hver ert þú?”

Hann svaraði ótvírætt og játaði: “Ekki er ég Kristur”.

Þeir spurðu hann: “Hvað þá? Ertu Elía?”

Hann svarar: “Ekki er ég hann.” Þetta er furðulegt. Jesús sagði að Jóhannes væri Elía og Jóhannes sagði að hann væri það ekki.

Stendur Biblían í mótsögn við sjálfa sig? Nei, alls ekki. Munið að gyðingarnir væntu Messíasar, sem myndi eyða Rómverjunum og gera Ísrael að heimsdrottinara. Þeir bjuggust við Elía, sem gengi fyrir Messíasi, sem myndi koma með valdi. Jóhannes sagði: “Ekki er ég hann”, vegna þess að hann var ekki sendur “áður en hinn mikli og ógurlegi dagur Drottins kemur”. “Þá spurðu þeir hann: “Hver ertu? Vér verðum að svara þeim, er sendu oss. Hvað segir þú um sjálfan þig?” Hann sagði: “Ég er rödd hrópenda í eyðimörk. Gjörð beinan veg Drottins. (Jóh. 1 22-23) Jóhannes, sem vel vissi hver hann var, líkti sér við Jesaja 40:3.

Kristur sjálfur deildi Mal. 4:5-6 upp í tvo hluta um hinar tvær komur Elía. Jafnvel þótt að Jesús hefði sagt þeim greinilega að Jóhannes skírari væri Elía, (Matt 11), þá voru þeir enn í óvissu aðeins síðar (Matt. 17:11) “Lærisveinarnir spurðu hann: “Hví segja fræðimennirnir, að Elía eigi fyrst að koma? Hann svaraði: “Víst kemur Elía og færir allt í lag.(12) “En ég segi yður: Elía er þegar kominn, og menn þekktu hann ekki, heldur gjörðu honum allt sem þeir vildu”...(13) “Þá skyldu lærisveinarnir að hann hafði talað við þá um Jóhannes skírara.”(Matt. 17:10-13) Athugum vandlega vers 11 þar sem Jesús segir: “Víst kemur Elía (takið eftir tíðinni, þessi Elía er ekki kominn) og færir allt í lag. Færði Jóhannes skírari allt í lag? Jóhannes undirbjó lýðinn fyrir komu okkar undursamlega Drottins, en hann færði ekki allt í lag. Jesús sagði að koma myndi Elía í framtíðinni, sem færa myndi allt í lag. Lesið nú Postulasöguna 3:19-21, þar sem Pétur talar um Jesú Krist: “Hann á að vera í himninum allt til þess tíma, þegar Guð endurreisir alla hluti...” Þannig að sá Drottinn, sem við elskum, verður að vera á himni, þar til allir hlutir eru endurreistir og Jesús sjálfur sagði að Elía myndi endurreisa alla hluti. Ef 1+1=2, þá er þjónusta Elía grundvallaratriði.

Í Matteusi 24:37-39 segir Jesús: “Eins og var á dögum Nóa,svo mun verða við komu mannsónarins”. Hvernig var það þá á dögum Nóa? Fólkið var slegið blindu varðandi það sem orði Guðs viðkom, sem leiddi til þess að það hagaði sér illa. Guð sendi einn mann,

spámann, með þessi skilaboð: “Gangið inn í örkina og frelsist!” Guð sagði að ef hann myndi ekki senda Elía á þessum síðustu tímum, myndi sannleikurinn verða svo útþynntur og ruglingslegur að hann yrði að “ljósta landið banni”. Skilaboð þessa Elía verða: “Komið til Krists og frelsist!” Munið að Kristur er orðið. (Jóh. 1.1, 14), (1.Jóh. 5:7.). Orði Guðs hefur verið umsnúð og umbreytt gegnum aldirnar. Staðan er þannig í dag að við höfum fleiri en 900 kirkjudeildir, sem allar telja sig hafa hina réttu útskýringu á orðinu. En Guð lofaði að endurreisa sannleikann. Þetta, er það sem Malakí 4:6 er í raun og veru að segja. Engillinn sagði að Jóhannes myndi “snúa hjörtum feðra til barna”. Með því að rannsaka það sem Jóhannes síðan gerði, sjáum við að hann sneri hjörtum hinna heittrúðu Gyðingafeðra til hinnar nýju trúar á Jesú Krist, vegna þess að fylgismenn Krists á tímum Jóhannesar voru ekkert nema börn, andlega. Þessi börn uxu andlega og urðu postulafeðurnir, sem Guð notaði til að byggja upp kirkju sína og til að rita Nýja testamentið. En kirkjan í dag hefur farið villu vegar frá þessari upphaflegu grundvöllun, (Efes. 2:19-20) til kenninga sem eru mannesetningar og hreyfingar, þar til sannleikurinn liggur hulinn fyrir framan okkur og hefur verið sundurmolaður af hundruðum heimspekisetninga og milljónum kenninga. Þessi endatíma Elía mun “snúa hjörtum barna til feðranna,” það er hann mun snúa hjörtum okkar, barna síðustu tíma, til trúar hinna postullegu feðra, þar til trú okkar, líf og vegur samræmist þeirra fullkomlega.

Við skulum fylgja þessum Elía gegnum Opinberunarbókina. Í köflum 2 og 3 er Drottinn Jesús að lesa fyrir sjö bréf til sjö kirkna í Litlu Asíu. Ef þú tekur eftir lýsingunni á ástandi þessara kirkna, og skoðar síðan söguna, þá munt þú komast að því að hvert bréf var boðskapur, vegna þess að hvert bréf á, í réttri röð, við hinar 6 aldir, sem kirkjan hafði gengið í gegnum. Í dag erum við á sjöundu öldinni, eða Laódikeuöldinni. (Opb. 3:14-22) Takið nú eftir því að hver öld átti sér sinn engil. (Opb. 1.16, 2:1,8,12,18; 3:1,7,14). Orðið engill þýðir bókstaflega SENDIBOÐI og á ekki alltaf við himneska veru, (Gal. 4:14; Opinb. 22:8,9). Þar sem þetta eru jarðneskar kirkjur, þá eru þetta jarðneskir englar. Svo að hver öld á sér engil, eða sendiboða og postulinn Páll var fyrsti sendiboðinn til fyrstu aldarinnar, eða Efesusaldarinnar. (Opb. 2.1, Post. 9:15,13:46-49, Róm. 11:13,15-16, Efes. 3:1-8, 2.Tím. 1:11). Varðandi sjöundu öldina, þá lesum við : “Og engli safnaðarins í Laódikeu skalt þú rita” (Opb 3:14) Síðan fordæmir Jesús hinar stóru, skipulögðu hreyfingar þessarar aldar og segir að þær séu naktar, fátækar og blindar og VITA ÞAÐ EKKI. Í versí 20 finnum við Krist, sem hefur verið ýtt út úr sinni eigin kirkju og sem kallar á þá einstaklinga, sem hungar og þyrstir eftir að ganga alla leiðina með Guði. Þar sem þessi sjöunda öld er síðasta kirkjuöldin og Elía verður að koma til að endurreisa alla hluti (færa allt í lag) áður en Jesús kemur að ná í brúði sína- sjáum við að sá maður, sem hefur anda og kraft Elía, verður líka sendiboði sjöundu aldarinnar. Hann verður spámannlegur sendiboði, alveg eins og Jóhannes var bæði spámaður og sendiboði. (Lúk. 7:24-27). Þess vegna verður Opb. 3:14-22 einnig hluti af skilaboðum Elía.

Hugum nú að Opb. 10:7: “En þegar kemur að rödd sjöundu engilsins og hann fer að básúna, mun fram koma leyndardómur Guðs, eins og hann hafði boðað þjónum sínum spámönnunum.” Samkvæmt þessu versí mun sjöundi sendiboðinn binda alla lausa enda í hugsun okkar. Guð mun opinbera honum leyndardóma, sem huldur hafa verið á blöðum Biblíunnar í gegnum aldirnar og ljúka þannig leyndardómi Guðs, að minnsta kosti að svo miklu leyti sem hann hafði áður verið opinberaður spámönnunum. Þetta er í samræmi við það sem hvítklæddi maðurinn sagði Daníel: “En þú Daníel, halt þú þessum orðum leyndum og innsigla bókina, þar til er endalokin verða. (Dan. 12:4). Þannig að sýnin, sem gefin var Daníel, hlýtur að verða opinberuð á okkar dögum og Drottinn Guð gerir ekkert án þess að hann hafi opinberað þjónum sínum, spámönnunum, ráðsályktun sína. (Amos 3:7). Sumir af þeim leyndardómum, sem Elía mun opinbera, eru: Leyndardómurinn um burthrifningu hinna heilögu. (I. Kor.15.51-54). Um kirkjuna sem brúði Krists (Efes.5:28-32). Um að vera guðlegur (1 Tim. 3:16)-um óguðlegheit. (2 þess. 2:6-12). Um LEYNDARDÓMA BABÝLON, KONUNNAR OG DÝRSINS. (Opb. 17).

Er ekki nú að uppljúkast fyrir þér nauðsyn þess að taka á móti þessum endatíma-Elía og boðskap hans? Jesús sagði: “Sá sem tekur á móti spámanni mun fá spámanna-laun. (Matt. 10:41) Og aftur: “Sá sem tekur við þeim, sem ég sendi, tekur á móti MÉR. (Jóh. 13:20). Hvernig getur þú sagst elska Jesús og hafnað síðan þeim spámanni sem Jesús sendir? Þá stendur þú höllum fæti. Varist að hafa sama anda og hinir trúræknu farísear, sem trúðu því sem Guð gerði í FORTÍÐINNI, en höfnuðu því sem hann var að gera FYRIR FRAMAN AUGUN Á ÞEIM! Þeir formæltu blindum manni, sem Jesús hafði læknað, með því að segja. “Þú ert lærisveinn hans, vér erum lærisveinar Móse. Vér vitum að Guð talaði við Móse, en um

þennan vitum vér ekki, hvaðan hann er.” (Jóh. 9:28-29). Jesús sagði um þessa hræsnara: “Ef þér tryðuð Móse, mynduð þér líka trú á mér, því um mig hefur hann ritað. (Jóh. 5:46) Á sama hátt er það þannig, að ef við trúum Jesú Kristi, þá trúum við þeim endatíma Elía sem hann sendi, vegna þess að Jesús talaði um hann. Kristur sagði líka um faríseana: “Og orð hans býr ekki í yður, því að þér trúðu ekki þeim sem hann sendi.” (Jóh. 5:38) Ó, kristnir menn, trúum Elía þegar við könnumst við hann! Munum að allir þeir sem höfnuðu boðskap Nóa glötuðust í flóðinu. Að hafna spámanni Guðs er að hafna Guði. (1Sam. 8:4-7, 2.Mós. 16:2-8).

Samt sem áður munu flestir hafna þessum spámannlega sendiboða. Þetta hefur ávallt verið svo. Flestir spámenn voru aldrei viðurkenndir af fjöldanum á sínum dögum. (Matt. 5:11-12, Pos. 7:51-52). Af milljónum voru aðeins 7 sem hlustuðu á Nóa. Börn Ísraels mögðu og gerðu uppreisn gegn Móse. Fólkið hafnaði Samúel. Elía var svo hataður, að hann hélt að hann væri eina lifandi sálan, sem elskaði Guð. Fólkið gerði stöðugt grín að Jeremía. Jesús sagði: “Ó, Jerúsalem, Jerúsalem, þú sem líflætur spámannina og grýtir þá sem sendir eru til þín... (Matt. 23:34-37). Allar ritningarnar varðandi þann Elía, sem koma skal á síðustu tímum, munu ganga í uppfyllingu, samt munu þær í einfaldleika sínum fara fram hjá flestum. (Lesið til dæmis þennan spádóm um þjónustu Jóhannesar skírara (Jes. 40:4) og lesið síðan í Matteusi 3:1-12 á hve einfaldan hátt þetta rættist.)

En hvernig getum við fundið þennan sanna spámannlega sendiboða, meðal aragrúa af fólkskum spámönnum, sem sveima um á jörðinni í dag? Jesús sagði: “Af ávöxtum þeirra skuluð þér því þekkja þá”. (Matt 7:15-20). Ekki aðeins af hæfileikum þeirra og kraftaverkum, vegna þess að margir munu gera undur og tákni í nafni Jesú Krists og samt vera kallaðir illgjörðamenn, (Matt. 7:22-23, Mark. 13:22, 5.Mós. 13:1-3). Falsspámenn munu líta út fyrir að vera sauðir (Matt. 7:15, 13:1-3) Falsspámenn mun verða METNIR AF MÖNNUM, VEL TALAÐ UM ÞÁ, OG DÁÐIR. (Lúk. 6:26). Falsspámenn munu afvegaleiða marga, vegna þess að þeir tala sannleikann, en það sem þeir sækast í raun eftir eru peningar þínir. (2.Pét. 2:1-3) Falsspámenn fá fólkið til að trú á lyginni, (Jer. 28:15) og segja hluti eins og: “Hafðu engar áhyggjur, þú verður með í burthrífningunni, hvort sem líf þitt samræmist orði Guðs eða ekki. (Jer. 23:9-12). Falsspámenn munu afbaka hver réttur vegur Guðs er og þrátt fyrir að þeir hafi vald, verður það ekkert samanborið við hinn sanna spámann Guðs, (Post. 13:6-12, 2.Mós. 7:8-12) Samt eru vegir þeirra mjög blekkjandi, (Jer. 23:9-12, Esk. 13). Falsspámenn munu líta út og hegða sér svo líkt og hinn sanni spámaður að aðeins hinir útvöldu munu ekki láta blekkjast. (Matt. 24:24, 2.Kron. 18, Jer. 28).

En til er endanlegur úrskurður. Guð sagði: “Ef þú segir í hjarta þínu: “Hvernig fáum vér þekkt þau orð, er Drottinn hefur ekki talað?” Þá vit, að þegar spámaður talar í nafni Drottins og það rættist eigi né kemur fram, þá eru það orð, sem Drottinn hefur eigi talað. Af ofdirfsku sinni hefir spámaðurinn talað það. Þú þarft ekki að hræðast hann.” (5.Mós. 18:21-22). Þannig getum við þekkt sannan spámann, þegar hann spáir í nafni Drottins og það rættist, (sjá einnig Jer. 28:9). Þessi endatíma Elía mun hafa: “SVO SEGIR DROTTINN”. Þegar hann segir: “SVO SEGIR DROTTINN,” þetta eða hitt mun gerast, þá mun það verða nákvæmlega eins og hann segir. Ef það bregst, þó ekki sé nema í eitt skipti, þá er hann ekki spámaður, því að allir spámenn hafa: “SVO SEGIR DROTTINN” og orð Guðs bregst ekki. Orð spámanns undir smurningu Guðs eru ekki hans eigin, þau eru Guðs eigin orð. (1.Pét. 1.20-21).

Jesús sagði um Jóhannes skírara: “En ég segi yður: Elía er þegar kominn og menn þekktu hann ekki heldur gerðu honum allt sem þeir vildu”. (Matt. 17:12-13). Allir á dögum Krists biðu komu Elía, samt kom hann og fór OG ÞEIR MISSTU AF HONUM! Á sama hátt leituðu þeir að Messíasi og hann kom og fór OG ÞEIR MISSTU AF HONUM. Myndi það vera eitthvað undrunarefni ef þessi endatíma Elía kæmi og færi og flestir misstu af honum? Það ætti að fá okkur til að falla fram á andlit okkar og tilbiðja Guð í bljúgri bæn, vegna þess að við vitum að tímarnir eru að líða undir lok. Koma Drottins okkar er í nánd. Auðvitað mun aðeins það að þekkja þennan spámannlega sendiboða ekki frelsa neinn, vegna þess að frelsun er aðeins fyrir trú á hið úthellta blóð Jesú Krists. Samt sem áður verðum við að taka mark á boðskap þessa spámanns, vegna þess að hann mun snúa hjörtum okkar til hins HREINA Jesú Krists, laus við allar tilbúnar trúarreglur, heimspekikenningar, hugmyndir og skipulagningar. Brúður Krists verður að vera svo lík honum að hún segi sömu hluti og hann. (Opb. 22:17a). Hún verður að “hafa huga Krists” eins og brúðurin hafði á Efesustímabilinu. (1.Kor. 2.16).

Páll sagði: “...eins og Kristur elskaði kirkjuna og lagði sjálfan sig í sölnar fyrir hana, til þess að helga hana og hreinsa í laug vatnsins MEÐ ORÐI (og þessi endatíma Elía mun endurreisa hið hreina orð fyrir brúðina) Hann vildi leiða hana fram fyrir sig í dýrð, án þess að hún hefði blett eða hrukku, né neitt þess háttar. Heilög skyldi hún og lýtalaus”. (Efes. 5:25-27). Gegnum

skilaboð þessa Elía munum við vita nákvæmlega hvað Drottni okkar Jesú Kristi líkar og hvað ekki. Við munum verða endurreist!

Eitt í viðbót. Jóhannes skírari undirbjó hóp af fólki fyrir Drottin, alveg eins og engillinn sagði að hann myndi gera. En undirbjó hann alltaf? Jafnvel þótt margir hlýddu á hann, voru þeir aðeins fáir sem í alvöru skildu það sem hann hafði að segja og voru reiðubúnir fyrir Drottin. Á sama hátt mun þessi endatíma Elía "færa allt í lag", en ekki fyrir alla. Það munu verða tiltölulega fáir sem taka eftir SKILABOÐUM HANS, koma inn í fyllingu Krists og verða reiðubúnir fyrir burthrifninguna. Fáir? "Hve þröngt er það hlið og mjór sá vegur, er liggur til lífsins, og fáir þeir, sem finna hann." (Matt. 7:13-14 einnig Lúk.13:23-24, 1.Kor. 9:24) "Því að margir eru kallaðir en FÁIR útvaldir." (Matt. 20:16, 22:14) Átta sálir björguðust á dögum Nóa; þrjár á dögum Lots. Jesús sagði að svo sem var á þeirra dögum svo muni verða við seinni komu hans. (Lúk 17:26-30).

Og eftir burthrifninguna auðvitað, mun verða svo mikil hörmungatíð, að slík mun aldrei verið hafa, frá því er menn urðu fyrst til og allt til þess tíma. (Dan. 12:1). "Því sjá, dagurinn kemur, brennandi sem ofn, og allir hrokafullir og allir þeir er guðleysi fremja, munu þá vera sem hálmleggir og dagurinn sem kemur mun kveikja í þeim-segir Drottinn allsherjar-svo að hvorki verði eftir af þeim rót né kvistur." (Mal. 4:1). "Vakið því allar stundir og biðið, svo að þér megið umflýja allt þetta sem koma á og standast frammi fyrir mannssyninum. (Lúk. 21:36). Því, hvað ef þessi spámaður kemur og þú missir af honum eins og faísearnir misstu af Jóhannesi skírara? (Matt. 17:12-13, 21,23-25). Eða hvað ef hann er þegar kominn og farinn?

Gætið nú þess, að eigi komi það yfir yður, sem sagt er hjá spámönnunum: "Sjáið þér spottarar, undrist og verðið að engu. Því að verk vinn ég á dögum yðar, verk sem þér alls ekki munduð trúa, þótt einhver segði yður frá því." Með öðrum orðum, þá varaðu þig að vera ekki svo hátt hugsandi og fastheldinn að þú getir ekki tekið við þessum spámanni þegar hann verður opinberaður þér. (Róm. 11:20-21)

Þetta eru alvarlegir tímar, og þetta er ekkert léttvægt málefni. Ágæti kristni maður, megir þú vera eins og fólkið í Bereu, sem var: "Veglyndari en þeir í Þessaloníku. Þeir tóku við orðinu með allri góðfýsi og rannsókuðu ritningarnar, hvort þessu væri þannig farið". (Post. 17: 10-11) og einnig (1 Þess. 5: 17-21).

Owen Jorgensen

Spámaður, skipaður af Guði.

“Orð Drottins kom til mín:
Áður en ég myndaði þig í móðurkviði,
útvaldi ég þig,
og áður en þú komst af móðurkviði,
helgaði ég þig.
Ég hefi útvalið þig til að vera
spámann þjóðanna.”
(Jeremía 1:5).

Eru endalokin nær en þú heldur?

“Útlit loftsins kunnið þér að ráða, en ekki tákn tímanna”. (Matt. 16:3b). Kannt þú að ráða þau?

Alls staðar að úr heiminum eru gyðingarnir að snúa aftur til heimalands síns. Ísrael varð sjálfstætt ríki árið 1948, eftir að hafa verið dreifð þjóð og ofsótt af heiðingjunum. Fyrir nærri því tvö þúsund árum spáði JESÚS því að þetta ætti eftir að eiga sér stað (Lúk. 21:24) JESÚS sagði því næst: “Eins skulið þér vita, þegar þér sjáið þetta verða, að Guðs ríki er í nánd. Sannlega segi ég yður: ÞESSI KYNSLÓÐ MUN EKKI LÍÐA UNDIR LOK, UNS ALLT ER KOMIÐ FRAM. (LÚK. 21:31-32).

Svo að við vitum að stundin nálgast. Samt sem áður verður að eiga sér stað endurreisn kirkju JESÚ KRISTS, áður en hann getur snúið aftur. (Post. 3:19-21). Þetta á að gerast fyrir atbeina spámans, eins manns, með anda og kraft Elía. (Mal. 4:5, Mark. 9:12), sem sendur verður til síðustu kynslóðarinnar, til að leiðrétta það sem farið hafði aflaga og undirbúa þar með fólk til að verða brúður JESÚ KRISTS.

Þessi spámaður er kominn og farinn. Allar ritningarnar varðandi hann hafa gengið í uppfyllingu. Brúður Kristis verður brátt hrifin burt til BRÚÐKAUPSVEISLU LAMBSINS. (Opb. 19:6-9) og fyrir þá, sem eftir verða, kemur ÞRENGINGIN MIKLA, (Matt. 24:21, Opb.6:12-17).

Hver er þessi maður, sem ég er að tala um? Og hvað fær mig til að trúa því að hann sé endatímaspámaðurinn sem lofaður var heiðingjunum?

Heimurinn þekkti hann sem séra William Marrion Branham. Þeir sem elska hann, kalla hann “bróður”. Var hann spámaður? Dæmdu sjálfur. Guð sannaði ekki þjón sinn inni í skáp, eða í leynum (Matt. 24:23-26, Lúk. 11:33). Heimurinn fékk sannanir og sá samt ekki. Dagblöð og tímarit greindu frá því, en ekki með skilningi. Hundruð þúsunda sjónarvotta út um allan heim, geta borið því vitni, hver hann var, þótt fáir skildu til fulls merkingu þeirra sannana, sem voru beint fyrir framan þá.

Hann fæddist í fjöllum Kentucky, í grófum moldarkofa, 6 apríl árið 1909. Þeir, sem voru viðstaddir, sáu skrítið ljós flökta fyrir ofan hann, þótt ekki væri enn orðið bjart af degi. (Jer. 1:4-5).

Þegar hann var þriggja ára gamall sagði hann móður sinni að hann hefði heyrt rödd úr skóginum segja við sig: “Þú munt búa nálægt bæ, sem heitir New Albany”. Móðir hans hló. Meira en ári seinna fluttu þau til Jeffersonville í Indianafylki, aðeins nokkra kílómetra frá New Albany.

Fyrsta sýn hans átti sér stað þegar hann var sjö ára gamall. Þar sem hann var að leik á bökkum Ohioárinnar, sá hann allt í einu brú rísa upp og myndast yfir vatninu, eins og hún væri í byggingu. Hann horfði á, meðan 16 menn féllu af brúnni og dóu í ánni. Tuttugu og tveimur árum seinna var byggð brú, einmitt á þessum stað og 16 menn féllu af henni og töpuðu lífinu við byggingu hennar.

Það var engin rækt lögð við trú á Branhamheimilinu. Á yngri árum William, var líf hans fullt af erfiðleikum og fátækt, vegna þess að faðir hans drakk stíft. Faðir hans bruggaði líka viskí á bannárunum. Eitt sinn lét hann son sinn bera vatn til bruggsins og William var á leið fram hjá aspartré. Þá heyrði hann hljóð í vindi. Hann leit upp og þá sá hann undarlegan hvirfilvind í trjágreinunum. Hann furðaði sig á þessu, þar sem logn var úti. Rödd talaði úr hvirfilvindinum, (Eins og í Job. 38:1) sem sagði: “Aldrei drekka, eða reykja, eða skaða líkama þinn á neinn hátt, því þú hefur verk að vinna þegar þú verður eldri”. Hann varð yfir sig hræddur, en gleymdi þessu samt aldrei.

Nokkrum árum seinna kallaði faðir hans hann skræfu vegna þess að hann vildi ekki drekka. Ákveðinn í að sanna karlmennsku sína, lyfti hann vínflöskunni upp að vörum sér. Þá heyrði

hann í hvirfilvindinum. Hræðsla greip hann. Hann sleppti flöskunni og flýði. Á sama hátt kölluðu vinir hans hann "stelpustrák" vegna þess að hann vildi ekki reykja. Í reiði sinni greip hann sígarettu, en aftur batt hvirfilvindurinn enda á athöfn hans.

Samt sem áður, þrátt fyrir þessar og aðrar álíka upplifanir, var hann enn syndari, sem þekkti ekki Guð. (Róm. 11:29). Meðan hann var að vinnu fyrir gasfélagið, um tvítugur að aldri, þá andaði hann að sér gasi, varð mjög veikur og þurfti að fara í aðgerð. Þar sem hann lá á spítalanum, nær dauða en lífi sá hann sýn. Hann var staddur í skógi og úr fjarlægð heyrði hann í vindinum sem hvein í greinunum og færðist æ nær. Síðan sagði röddin, sem hafði sagt "Aldrei reykja eða drekka, eða skaða líkama þinn á nokkurn hátt." "Ég kallaði þig og þú vildir ekki fara". (eins og í Jónasi 1:1-3). "Drottinn," hrópaði William, "Ef þetta ert þú, þá láttu mig fara aftur til jarðarinnar og ég skal prédika fagnaðareringi þitt frá húspökum og götuhornum". Sýnin hvarf. Fyrir kraftaverk batnaði William.

Hann hafði gefið loforð og hann hófst handa við að efna það. Hann áttaði sig á því að Guð væri í náttúrunni, og skrifaði bréf og festi það á tré, til að Guð myndi lesa það. Þegar það gekk ekki, fór hann inn í trékofa og grátandi yfir syndum sínum, þá bað hann í örvæntingu: "Guð, ég er einskis nýtur! Hjálpaðu mér!" Kross úr ljósi birtist fyrir framan hann. Þegar hann áttaði sig á því að fyrirgefningin var fólgin í blóði JESÚ KRISTS, flæddi gleði frelsunarinnar í gegnum hann.

Vegna þess að hann gerði sér grein fyrir undarlegri köllun yfir lífi sínu, gekk hann inn í prestspjónustu. Það var heitur dagur, 11 júní árið 1933. Hann hafði nýlokið við að halda fyrstu vakningasamkomu sína og var úti í Ohioánni að skíra um 130 manns í nafni JESÚ KRISTS. Þegar kom að 17 manneskjunni í hópnum birtist skært ljós á himni fyrir ofan hann og rödd heyrðist af himni sem sagði: "EINS OG JÓHANNES SKÍRARI VAR SENDUR TIL AÐ BOÐA FYRRI KOMU KRISTS, ERT ÞÚ SENDUR TIL AÐ VERA FYRIRRENNARI SEINNI KOMU HANS." Það voru um 4000, furðu lostin, óttaslegin vitni, sem gátu sagt frá þessu.

Ekki einu sinni bróðir Branham sjálfur skildi þá hvað þetta þýddi. Né gat hann skilið sitt furðulega líf. Allir forstöðumenn, sem hann þekkti, sögðu honum að sýnirnar, sem hann svo oft sá, væru frá djöflinum, samt brást það ALDREI að sýnirnar RÆTTUST nákvæmlega EINS OG HANN SÁ ÞÆR og þær voru alltaf Guði til vegsemdar enda börnum hans til hjálpar. Til að gera hlutina enn furðulegri, þá gerðist það í hvert skipti sem William Branham komst í snertingu við fólk haldið af djöflinum, eins og stjórnuspámenn og spákonur, að það sagðist sjá ljós sem fylgdi honum, að hann væri fæddur undir merki og að guðleg gjöf tilheyrði honum. Þessir atburðir ollu honum miklum sálarkvöllum.

7. maí, 1946, þar sem hann var á heimleið ásamt fjölskyldu sinni, þá kom mikil vindhviða frá tré og feykta nærri því bróður Branham um koll. Hann varð gripinn örvæntingu og hann sagði við konu sína. "Í nærri 20 ár hef ég ekki getað skilið þessa þjónustu eða sjálfan mig. Ég get ekki haldið svona áfram. Er þetta frá Guði? Elskan, ég ætla út í skóg og leita Guðs með Biblíuna mína og í bæn og komast að þessu, eða koma aldrei aftur!!!"

Í helli í skóginum henti hann sér niður og hrópaði til Guðs af öllu hjarta. Um klukkan ellefu það sama kvöld fyllti ljósstjarna hellinn. Ótti greip William. Hann heyrði fótatak. Hvítklæddur maður, steig út úr ljósinu og sagði: "Óttast þú ekki, ég er sendur frá nærveru almáttugs Guðs, til að segja þér, að þitt undarlega líf og misskildu vegir hafa verið til að undirstrika að Guð hefur sent þig til að færa þjóðum heimsins guðlega lækningu. Ef þú ert einlægur og getur fengið fólk til að trúá þér, þá mun ekkert standa í vegi fyrir bæn þinni, ekki einu sinni krabbamein." Í heilan hálf tíma útskýrði hann fyrir bróður Branham fortíð hans og sagði honum fyrir um framtíðina (eins og í 1.Mós. 16:7-12, 2.Mós. 3:2-14, Dóm. 6:11-23, Sak. 4:5-6, Matt. 16:2-7, Lúk. 1:11-38, Post. 5:19-20). Hann útskýrði hvers vegna forstöðumennirnir gætu ekki séð gjöf Guðs í lífi William, þótt djöfullinn gæti það. Það var eins á dögum JESÚ. Trúarleiðtogarnir sögðu að JESÚ væri frá djöflinum (Mark. 3:22, Jóh. 7:20, Jóh. 8:48-52, Jóh. 10:20), meðan djöflarnir sögðu að hann væri hinn heilagi Guðs (Lúk 4:33-35, 40-41, 8:27-28, Mark. 1:23-24, Mark. 3:11). Engillinn sagði líka við bróður Branham, að eins og Móse voru gefin tvö ták til að sanna það að hann væri frá Guði (2.Mós. 4:1-8), svo myndi honum verða gefin tvö ták. Fyrst myndi hann geta greint sjúkdóma af því hvernig þeir fengu hönd hans til að bóligna upp. Ef bólgnan hvarf eftir að hann hafði beðið, gat hann sagt: "SVO SEGIR DROTTINN, þú ert heill" Engillinn sagði síðan að sá tími myndi koma að hann gæti sagt fólk leynda dóma hjarta þess (Heb. 4:12, Jóh. 2:24-25).

Milljónir eru til vitnis um að orð engilsins rættust nákvæmlega (eins og í Post. 27:21-25). Þegar táknið í hendi hans kom í ljós, þá gaf það fólk trú til að læknast og þjónusta hans stækkaði, þar til hún varð landsþekkt og síðan heimsfræg. Síðan kom að því að andi JESÚ KRISTS opinberaði honum hugsanirnar í hjarta fólksins. (eins og í 1.Mós. 18:9-15, 2.Kon. 6:8-

12, Jóh. 4.17-19). Opinberaði þarfir þeirra, opinberaði syndir sem ekki höfðu verið hreinsaðar af blóði JESÚ KRISTS, opinberaði hluti um líf fólksins, sem bróðir Branham gat ekki mögulega vitað um, ekki hugsanalestur eða sálfræði, heldur sá hann þetta í sýn. Hlutirnir áttu sér raunverulega stað fyrir hugskotsjónum hans (Jóel 2:28) Og þegar hann talaði undir smurningunni, í hundruð þúsunda skipta, þá voru orð hans, sem töluð voru til bláókunnugs fólks, nákvæmlega rétt (5.Mós.18: 21-22) Og spádómarnir um lækningu, framtíðar atburði, litla eða mikla, þúsundir þúsunda af þessum spádómum. EKKI Í EITT SKIPTI, VAR EINN AF ÞEIM EINU SINNI AÐ HLUTA TIL RANGUR. Þetta var bókstaflega: “SVO SEGIR DROTTINN!”

Næstu tíu árin fór bróðir Branham 7 sinnum í kringum hnöttinn, og hélt stærstu samkomur í sögunni. Hundrað þúsund manns hlýddu á hann í Durban, Suður Afríku. Sjö bílhöllum af hjólastólum, hækjum og svo framvegis, var ekið í burtu eftir lækningasamkomuna. Einn af þeim sem læknaðist var fátækur, bæklaður betlari, sem hafði aldrei á ævinni getað gengið uppréttur, en gekk samankreppur bæði á höndum og fótum. Þessi betlari var vel þekktur, vegna þess að þeir sem hugsuðu um hann, höfðu hann til sýnis sem furðuhlut, settu á hann hálsband og létu hann dansa eins og dýr á götunum. Bróðir Branham fékk sýn af þessum manni þar sem hann gekk uppréttur, þannig að hann skoraði á fólkið og það samþykkti það, að ef þessi maður fengi lækningu í JESÚ nafni, þá væri JESÚS sannarlega Guð. Um leið og bróðir Branham bað, stóð maðurinn uppréttur (eins og í Lúk. 13.11-13). Er það einhver furða að 300.000 manns gáfu DROTTNI JESÚ KRISTI líf sitt þetta kvöld?

Eitt sinn sýndi Guð bróður Branham sýn, þar sem lítill drengur var reistur upp frá dauðum. Bróðir Branham greindi mörg þúsund manns frá þessari sýn, og lýsti sviðsetningunni, og sagði þeim að skrifa þetta hjá sér, vegna þess að þetta var : “SVO SEGIR DROTTINN!” Tveimur árum seinna var hann staddur í Finnlandi, þar sem þeir voru með herferð, þegar þeir komu að bílslysi í fjöllumum. Líttill drengur lá í götunni, limlestur og blóðugur og hafði verið DÁINN Í HÁLFA KLUKKUSTUND. Þetta var drengurinn úr sýninni. Bróðir Branham horfðist í augu við mannfjöldann, sem var í kring og sagði “Ef þessi litli drengur er ekki kominn á fætur eftir fimm mínútur, þá megið þig reka mig út úr Finnlandi sem falsspámann. En ef hann verður það, þá skuldið þið JESÚ KRISTI líf ykkar!” Meðan hann bað, sneri lífskrafturinn aftur í dána drenginn (eins og í Kon. 17:17-24, Lúk. 7:11-16).

Þar sem hann var að prédika fagnaðarerindi JESÚ KRISTS í Portland í Oregonfylki, ruddist gríðarstór maður, sem haldinn var illum anda, upp á pallinn, kallaði bróður Branham loddara, lygara og svikara og hótaði að brjóta hvert bein í líkama hans. Meðan maðurinn nálgast, til að framfylgja hótunum sínum, sagði bróðir Branham rólega: “Satan, vegna þess að þú hefur vogað þér að standa gegn þjóni Guðs, þá skaltu falla að fótum mínum í JESÚ nafni.” Hinn kraftmikli maður reyndi að koma nær, en hann gat það ekki. Hann féll í gólfið og það varð að bera hann út (Lúk. 11.18-20).

Í Bombay á Indlandi, þar sem 400.000 manns komu til að hlýða á fagnaðarerindið, var blindur betlari færður fram fyrir bróður Branham til fyrirbæna. Í sýn sá bróðir Branham hver þessi betlari var, hvar hann bjó og að hann hafði orðið blindur af því að stara á sólina, sem hann tilbað sem Guð. Síðan skoraði bróðir Branham á heiðna presta mismunandi trúarbragða, hvern á fætur öðrum: “Ef þinn Guð er Guð, þá komið hingað og látið hann opna augu þessa manns, og þá munum við falla fram og tilbiðja ykkar Guð”. Enginn hreyfði sig. “En ef minn Guð, DROTTINN JESÚS KRISTUR, er Guð og opnar augu þessa manns, viljið þið þá snúa baki við ykkar máttlausu Guðum og taka á móti JESÚ sem frelsara ykkar? (Eins og í Kon. 18:21-39). Þeir samþykktu þetta. Ástæða hins óttalaus trausts spámannsins var sú að hann hafði þegar séð manninn fá lækningu í sýn, og sýnirnar BRUGÐUST ALDREI. Þegar augu mannsins opnuðust, braust út ofboð meðal fólksins, meðan veslings fólkið reyndi að snerta bróður Branham til að fá lækningu.

Það var í Mexíkó að einlæg trú konu fékk Drottinn til að gera máttugt kraftaverk. Læknirinn skrifaði eiðsvarna yfirlýsingu að barnið hennar hefði dáið klukkan 9:00 um morguninn af lungnabólgu, en vegna þess að hún hafði séð bróður Branham opna augu blinds manns á samkomu kvöldið áður, þá hélt hún á dáu barni sínu allan daginn og trúði því að ef hún gæti aðeins komið því til bróður Branham, þá myndi Guð reisa það upp. Þetta kvöld sá bróðir Branham í sýn barnið lifandi. Hann bað í JESÚ nafni og samstundis byrjaði barnið að gráta.

Eitt sinn stöðvaði bróðir Branham prédikun sína, horfði á mann í hjólastól og sagði: “Herra, ég sé að þú hefur trú til að lækna. Rís upp og gakk. (Eins og í Post. 3:2-10). Og Upshaw þingmaður, sem hafði verið bundinn hjólastól í meira en 60 ár, stóð upp og gekk niður ganginn og lofaði JESÚ KRIST. Þegar hann sneri aftur til Washington D.C. þá skammaðist

Upshaw þingmaður sín ekki fyrir að lýsa því yfir að William Branham væri spámaður Guðs til tuttugustu aldarinnar.

Þetta eru aðeins nokkur, (og alls ekki stærstu), af þeim kraftaverkum, sem Guð notaði til að sanna þjón sinn. Ég hef ekki pláss til að segja frá öllum þeim hundruðum þúsunda skipta sem "SVO SEGIR DROTTINN" var gert sýnilegt okkar kynslóð, án nokkurra hnökra! Sagði ekki JESÚS: "Ef ég vinn ekki verk föður míns, trúið mér þá ekki, en ef ég vinn þau, þá trúið þeim, þótt þér trúið mér ekki, svo að þér skiljið og vitið, að faðirinn er í mér og ég í föðurnum." (Jóh. 10:37-38, einnig Jóh. 5:36,10:25,12:37-40,14:10-12, 15:24, Lúk 7:19-23).

Þetta sama gildir um hvern sannan spámann Guðs. Er ekki eins með bróður Branham? Hann hlaut að vera sendur frá Guði, vegna þess að: "Enginn getur gjört þessi tákni,sem þú gjörir, nema Guð sé með honum" (Jóh. 3:2). Ef William Branham var ekki þessi endatímaspámaður til heiðingjanna, þegar sá spámaður kemur "Mun hann þá gjöra fleiri tákni, þegar hann kemur, en þessi maður hefur gjört?"(Jóh. 7:31) Vissulega: "Ef þessi maður væri ekki frá Guði, gæti hann ekkert gjört".(Jóh. 9:33)

Af hverju er þá William Branham almennt ekki viðurkenndur í dag? Enginn sannur spámaður var nokkru sinni viðurkenndur af fjöldanum á sinni tíð. Sannur spámaður verður að berjast gegn spillingu og fólki líkar ekki að breytast. Hann verður að tala SANNLEIKANN, sama hvað það kostar. Takið eftir því að meðan JESÚ KRISTUR (sem var Guð-spámaður) læknaði sjúka, þá flyktist fólkið kringum hann. En þegar hann tók að boða af krafti, þá segir Biblían: "Upp frá þessu hurfu margir af lærisveinum hans frá og voru ekki framar með honum (Jóh. 6:48-68). Eins var það svo, að á meðan Guð notaði bróður Branham til að lækna sjúka og þjáða, þá fylgdu milljónir þjónustu hans. En um leið og Guð fór að endurreisa orð sitt, í gegnum spámann sinn, þá elskuðu flestir kraftaverkin, en hötuðu orðið. Samt sem áður varð að endurreisa orðið áður en JESÚS gæti komið og tekið brúði sína, vegna þess að hún verður að vera brúður, sem fylgir hinu hreina orði. Merking orðsins hefur verið svo afskræmd í gegnum aldirnar til dagsins í dag, að það er eins og JESÚS sagði:" Til einskis dýrka þeir mig, er þeir kenna þá lærdóma, sem eru manasetningar einar. (Mark. 7:6,7,13)

22 desember, 1962 sá bróðir Branham sýn: Þar sem hann stóð nálægt Tucson, Arizona, og var að dusta sandflugu af buxnaskálm sinni varð mikil sprenging. Hann sagði söfnuði sínum í Jeffersonville í Indíana frá þessari sýn 31. desember (sú ræða var tekin upp á spólu) Síðan flutti hann til Tucson. Um mánuði seinna,28 febrúar 1963, þegar hann var að veiðum, tók hann eftir sandflugu á buxum sínum. Þar sem hann beygði sig til að dusta hana af, hristist fjallshlíðin af feykilegri sprengingu. Hann leit upp og sá sjö engla í pýramída koma að sér og um tíma var hann meðal þeirra. Rödd kallaði: "Haltu aftur austur á bóginn" og bróðir Branham vissi að kominn var tími til að opna innsiglið sjö í Opinberunarbókinni (Dan. 12:4, 8-9, Opb. 5 og 6 gegnum 8:1) Englarnir sneru aftur til himins og mynduðu ský, sem sást í hundrað kílómetra fjarlægð (Lúk. 21:25-28). Margar ljósmyndir voru teknar af þessu sérstaka skýi. Sumar birtu í tímaritinu Life,17 maí 1963, sumar í Science magazine, 19 apríl 1963, ásamt ýtarlegri greinargerð um það að það sé vísindalega ómögulegt að svona ský geti myndast. Hæstu ský eru í um 10 mílna hæð, en þetta ský var í 26 mílna hæð, og enginn raki er lengur til staðar í slíkri hæð.

Bróðir Branham sneri aftur til Jeffersonville í Indíana, þar sem hann leitaði Guðs í sjö daga. Þar sem hann var að leita Guðs, þá talaði Guð til hans úr eldstólpa og opinberaði honum nákvæmlega sannleikann, sem innsiglaður hafði verið í Opinberunarbókinni 5. til 8. kafla. Þessi opinberun var gjörólík því sem allir, bróðir Branham meðtalinn, höfðu áður talið kaflana þýða. Samt var það allt í samræmi við Guðs orð. Meðan bróðir Branham prédikaði sjö nætur í röð um þessi innsigli (17-24 mars 1963), var það allt tekið upp. Þannig er ritningin gengin í uppfyllingu: "En þegar kemur að rödd sjöunda engilsins og hann fer að básúna, mun fram koma leyndardómur Guðs, eins og hann hafði boðað þjónum sínum spámönnunum. (Opb 10:7)

William Branham dó í desember árið 1965 þegar drukkinn bílstjóri keyrði á bíl hans. (Jóh. 3:28-30). En BOÐSKAPURINN, sem Guð notaði hann til að flytja er ódauðlegur. Til eru yfir 1100 upptökur af ræðum bróður Branham, sem fara í kringum hnöttinn og hrópa gegn afbökun orðsins, vara sálir við því að JESÚ KRISTUR muni koma SKJÓTT, flytja sannleika Guðs orðs, undirbúa brúðina fyrir JESÚ KRIST. Þetta er rödd sjöunda sendiboðans.

Haldið ekki að þessir hlutir upphefji mann. KRISTUR einn er hátt upp hafinn! Bróðir Branham gat ekkert gert af sjálfum sér (Jóh. 3:27). Það var JESÚS KRISTUR, sem framkvæmdi (gegnum auðmjúkan þjón sinn), sömu hluti og hann gerði meðan hann var í holdi. (Hebr. 13:8). Þannig að við skulum ekki horfa til mannsins, heldur boðskaparins sem hann flutti, vegna þess að þessi boðskapur mun benda þér á hinn hreina JESÚ KRIST,

lausan við allar kreddur og hefðir. Sagði ekki postulinn Páll: “Verið eftirbreytendur mínir eins og ég er eftirbreytandi Krists” (1Kor. 11:1, 4:16). Ef þú hlýðir Páli, þá ertu ekki að fylgja manni heldur Heilögum anda, sem talar í gegn um hann. William Branham var bókstaflega sannaður af Guði í þúsundir skífta með ótvíræðum hætti. Og með öllu því öðru í lífi hans, sem bendir á spámannlega þjónustu, þá ber að taka við honum, sem því sem hann er. “SVO SEGIR DROTTINN” í hans munni fyrir Heilagan Anda er ekkert frábrugðið “SVO SEGIR DROTTINN” frá Páli, af því að það er sami Heilagi Andi sem talar.

En myndir þú hafa viðurkennt Pál, hefðir þú verið uppi á hans dögum? Eða hefðir þú lifað á dögum Nóa? Eða Elía? Eða Jeremía? Hvað ef þú hefðir lifað í fjarlægum héruðum Palestínu og heyrt sögusagnir um einhvern sem hétí JESÚS, sem gerði máttug kraftaverk? Hefðir þú séð hann, sem það sem hann var, eða hefðir þú verið eins og farísearnir, sem trúðu því sem Guð gerði áður, en vildu ekki viðurkenna það sem hann var að gera á þeirra dögum? “Vei yður, þér fræðimenn og farísear, hræsningar! Þér hlaðið upp grafir spámannanna og skreytið leiði hinna réttlátu og segið : “Ef vér hefðum lifað á dögum feðra vorra, hefðum vér ekki átt hlut með þeim í lífláti spámannanna. Þannig vitnið þér sjálfir um yður, að þér eruð synir þeirra, sem myrtu spámennina. (Matt. 23:29-31)

Og Guð hefur sótt þessa kynslóð heim með máttugum spámanni. Auðmjúkum manni, sem hvorki þráði frægð né auðævi, sem ALLTAF GAF JESÚ KRISTI DÝRÐINA.

Í stuttu máli hef ég gert grein fyrir lífi hans, í stuttu máli þeim sönnunum sem fylgdu honum, og ég hef sýnt ykkur hvernig hvort tveggja er í fullu samræmi við ritninguna. (Mal. 3:6a). Samt hvort tveggja aðeins í stuttu máli. Og ég hef ekki einu sinni minnst á skilaboðin sem hann kom með, jafnvel þótt það séu þessi skilaboð sem eru mikilvægust. Nú er þetta í þinni hendi. Bækur og spólur eru til, þannig að þú skalt vera nógu einlægur til að athuga málið, vega og meta sönnunargögnin, og biðja í gegn. Ef þetta er sannleikurinn, þá trúðu honum.

Ef þessi endatímaspámaður er kominn og farinn, hversu mikill tími er þá eftir? Árið 1933 gaf Guð bróður Branham sýn af 7 atburðum sem myndu fylgja hver á eftir öðrum og verða að eiga sér stað áður en DROTTINN JESÚS SNÝR AFTUR. Í stuttu máli: (1) Fyrst sá hann Mussolini, einræðisherra Ítalíu, ráðast inn í Eþíópíu og taka hana hernámi. En Mussolini myndi hljóta skömmustuleg endalok og hans eigið fólk snúast gegn honum. (2) Næst sá hann ungan austurríkismann, Adolf Hitler, komast til valda í Þýskalandi og leiða heiminn inn í stríð, en Þýskaland yrði sigrað og Hitler hljóta dularfull endalok. (3) Í þriðju sýninni sá hann þrjá ISMA í heiminum fasisma, nasisma og kommúnisma, en tveir fyrstu yrðu gleyptir af kommúnismanum. (4) Síðan sá hann ótrúlegar framfarir í vísindum, sem myndu fylgja á eftir seinni heimstyrjöldinni. (5) Fimmta sýnin sýndi hræðilega siðferðishnignun í heiminum, sem mest snerist um konur. Hann sá konuna klippa hár sitt, reykja, drekka, ganga í buxum og óviðeigandi klæðnaði. (Munið að þessir hlutir voru honum sýndir árið 1933, mörgum árum áður en þeir gerðust). (6) Í sjöttu sýninni sá hann fagra, en grimma konu komast til valda í Bandaríkjunum og ríkja með valdi yfir landinu. (Bróður Branham fannst að þetta gæti mögulega verið kaþólska kirkjan, þótt hann væri ekki alveg viss.) (7) Í síðustu sýninni heyrði hann hræðilega sprengingu. Þegar hann leit í kringum sig sá hann hvernig líf. Eins langt og augað eygði var aðeins reykur, holur í jörðina og rústir einar. Síðan fjarlægðist sýnin.

Bróðir Branham sagði: “Við erum komnir að leikslokum. Þetta er endirinn vinir. Brátt mun tíminn renna sína leið. Milljónir munu glata lífinu. Milljónir manna, sem halda að þeir séu hólpnir, munu verða atómöldinni að bráð. Við lifum á síðustu tímum. Fyrir náð Guðs, fyrir hans hjálp, tölum við til lýðs hans, til að þeir megi hlakka til endurkomu KRISTS. Hve langt er þangað til, bróðir Branham? Kannski tuttugu ár, ef til vill fimmtíu, ef til vill hundrað, ég veit það ekki. Ef til vill Á MORGUN, EF TIL VILL Í KVÖLD. Ég veit það ekki...svo minnst þess að ég tala til yðar í nafni Drottins: Verið reiðubúnir, því ef þú veist ekki hvenær eitthvað muni gerast, þá er stundin nær en þú heldur.”

Í sannleika, þá eru þetta ekki tímar til að leika sér. Við verðum að taka þessu alvarlega, til að við séum ekki dauð. Eins og bróðir Branham sagði: “Guð mun hrista þennan óguðlega heim og það er aðeins einn klettur, sem mun standast það, og það er faðmur JESÚ KRISTS. Og ég bið ykkur, á meðan Guðs náð er enn til staðar, að gefast honum heilshugar og Hann, sem hirðirinn trúi, mun frelsa ykkur og ala önn fyrir ykkur og færa ykkur fram fyrir sig heilög og lýtalaus og í óendanlegum fögnuði.

Ritað af Owen Jorgensen.
Birna Einarsdóttir þýddi.

“Nei, Drottinn Guð gerir ekkert,
án þess að hann hafi opinberað
þjónum sínum, spámönnunum,
ráðsályktun sína.” Amos 3:7



Þessi ótrúlega ljósmynd af eldstólpanum fyrir ofan höfuð bróður Branham er í bókasafni Bandaríkjaþings í Washington D.C: Ljósmyndarinn, Herra Ayres, var að taka myndir fyrir óvinveittan klerk, en honum til mikillar undrunar var þetta eina ljósmyndin sem fram kom á allri filmunni.

Filman var fengin Herra George Lacy, eftirlitsmanni vafasamra skjala, og hann lýsti því yfir að ljósmyndin væri fullkomlega ekta.

Þetta var leið Guðs til að staðfesta sinn auðmjúka þjón, þannig að boðskapur hans um **hreinleika og heiðarleika myndi** fara um allan heiminn sem vitnisburður fyrir þessa kynslóð.

”Hver sem eyru hefur, hann heyri hvað andinn segir söfnuðunum.”
Opinberunarbókin 3:22.